

Nd.

152. Breytingartillögur

[95. mál]

við frv. til vegalaga.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir „brýr“ komi: hlið og vegristir.
2. Við 12. gr.
 - a. 1. málsg. orðist svo:
Í vegáætlun skulu vegir teljast þjóðvegir og þeim skipað í flokka eftir þeim reglum, er hér fara á eftir.
 - b. Á eftir „kirkjustað“ í síðustu málsg. komi: félagsheimili.
 - c. Við síðustu málsgrein bætist: og enn fremur að býli undir heiði, þar sem venja er, að gangnamenn safnist saman til heiðarsmölunar.
3. Við 17. gr.
 - a. Í stað „Vegagerð ríkisins“ komi: Vegamálastjóri.
 - b. Orðin „og samgöngumálaráðherra staðfest“ falli niður.
4. Við 19. gr. Í stað „ráðherra“ komi: vegamálastjóri.
5. Við 20. gr. Aftan við greinina komi: Ríkissjóður endurgreiðir sýsluvegasjóði $\frac{1}{3}$ viðhaldskostnaðar.
6. Við 45. gr. Aftan við greinina komi:
Jafnframt skal áætla sérstaka fjárupphæð til að greiða fyrir því, að afréttarleiðir verði gerðar akfærar dráttarvélum og jeppabifreiðum, og úthlutar vegamálastjóri því fé.
7. Við 66. gr.
 - a. Orðin „að vetrarlagi“ falli niður.
 - b. 2. og 3. másl. orðist svo:
Snjómokstur skal fyrst og fremst við það miðaður, að haldið sé opnum, þegar brýn þörf krefur, þjóðvegum milli byggðarlags og aðalverzlunarstaðar þess eða markaðsstaðar. Heimilt er að binda snjómokstur því skilyrði, að kostnaður sé að meira eða minna leyti endurgreiddur með framlagi úr héraði, en um endurgreiðslu skulu gilda sömu skilyrði um land allt, eftir því sem við verður komið. Um snjómokstur á sýsluvegi fer eftir ákvörðun sýslunefndar.
8. Við ákvæði til bráðabirgða. Við ákvæðið bætist:
Alþingi kýs á árinu 1965 millipinganefnd til að endurskoða þessi lög í samráði við vegamálastjóra.